Stokkseyringar voru með smábúskap
sér til framfæris fram yfir miðja öldina sem leið
Unnu að því konur sem karlar.
Kona ein dugeg og létt i skapi mikill
dýravinur var umtölud fyrir hreinskilni
i tali. Hún átti hest sem hún nefndi
Bleikblesa. Einusinni var hann i hrossakóp
þar á. meðal var hryssa i hestalátum.
Bleikblesi var að sinna henni, skrapp ábak
þá sagði eigandinn. „Blessuð skepnan hann
Bleikblesi, hann gerir það sem hann getur.
Hann gerir mörgum manninum skömm
~~til~~ til."
Þessi setning hefur lifað fram á þennan
dag. 12/2004

Kona þessi var Guðfinna Sigurðardóttir
bjó lengi á Koti sem Bakki hét: austanverðu
Stokksegarhverfi. Bjó með Jóhannesi föður
Jónasar Alvarnberg kaupmanns. Jónas hóf
sina atvinnuþáttöku á Stokksegri ný ferndur
sögðu mer karlar. Jónas styrkti þau hjúin
á Bakka meðan þau lifðu. Sá fyrir þörfum
þeirra og útfar

A Stokkseyri og Eyrarbakka stunduðu menn búskap fyrá árum. Hlýjuðu á Bráðumyrinni þar til ræktun túna hófst um 38-'50. Þetta var hardsótt. Hangt að fara 1-½ tíma með heyvagn eða baggahest.
Ranakot á Stokkseyri var eitt af grasbýlonum þar. Þar ólús upp 6 systkyni nichfandi börn Bjarna sigurðssonar og Guðríður Guðjónsd þau minnast þessara daga.
Sumarið 2003 hitti eg þá bræður og þessi búskapur barst í tal. Þá sagði Hinrik Bjarnason kennari og útvarpsmaður
„Það voru langir dagar að sitja í tjaldi uppa mýri í slagveðurs rigninu

Skrður

Dagur Brinjúlfsson lengsaf
bóndi í Þaulverjaba oddviti og viða í
félagsmálum var líttur og gamansamur
í tali.
Einusinni var hann í gáðra vina hóp
mettur og góðgláður: og sagði.
Já þetta er gott. „Þeir mega vara sig þarna
uppi á himnum að þoð se betra."

hoftstaðabraður voru á timabili viðloðandi heima stunduðu sjó, skruppu á togara á vertiðum, áttu vörubil á árunum 25-40 sem var ekki algangt til sveita. Áhlaupamenn bónlistarmenn, spiluðu á orgel og harmoniku. Voru organistar í Gaulverjabajarkirkju um árabil. Bjuggu góðu búi, hoftstaðir heyskapárjörg með góðum engjum. Áttu bát stunduðu röðra þá brimstöndum. Voru formenn í 2 kynslóðir áfallalaust.

Glaðsinna gerðu það sem þeim datt í hug hverju sinni, sumt þótti gatnari mönnum óráð.

Ólafur Gunnarsson bóndi og smiður á Baugsstöðum sagði þessa sögu.

Einverntiman sáu þeir að útidyrahús v. bæinn var orðið léleikt, lekt og fúið. Þeir snöðruðu sér í að rifa það niður. Þegar það var búið áttuðu þeir sig á því að þeir áttu ekkert efni til að byggja upaftur.

Ekki svo mikið sem nagla að eigin sögn
þeir fóru til Ólafs á Baugsstöðum og
báðu hann ásjór. Hann gerði efnisáðtlun
og sendi þá með út á Bakka til áðdrátta
Síðan fór Ólafur að Loftstöðum til smíða
í nokkra daga.
„Og mikið var nú gaman" sagði
Ólafur í sögulok

Frásögn Jóns Jónssonar (Norna) í hofstöðum

Ég var einusinni sem oftar á sjó með
mína menn, þá rauk hann upp á norðan
með einstökum ofsa. Við vorum svo heppnir
að vera komnir upp undir land. Vorum
þrí dáltíð í vari af sjávarkambinum.

Og sem ég sit þarna sé ég eitthvað
koma fjúkandi í rokinu.
Ég samdi upp hendinni og greip þetta og
það gat á að líta. Þetta var stóraslegjan
hans pabba sem hafði staðið við skemmuhorn

Skráð eftir sögn Jóns Steinssonar Fljótshólum og
Sigurðar Pálssonar Baugsstöðum

Þegar Jón Jónsson (Nonni) á Vestri Loftstöðum
lést var væntanlegum líkmönnum falið að
taka gröfina að gömlum sveitar sið. Jón hafði
lagt svo fyrir að þeir fengju brennivinsflösku
til að hressasig á við verkið. Þegar leið að lokum
verksins fór einn þeirra að herma eftir Jóni
Hann var oft fljöthuga og hermdu gárungar
eftir honum skrítnar setningar. Félagar mamsins
báðu hann að hætta þessu, sögðu þetta óviðeigandi.
En sá sem grinið hafði uppi tók ekki mark
á þeim og hélt uppteknum hætti.
Á dögunum sem liðu á milli grafartöku
og jarðarfarar elott þessi maður og fótbrotnaði
komst því ekki að jarðarfór nágrannasins.
Töldu félagar hans að þúrhefðu haft nokkuð
til sins máls.

Ragnhildur Gíslalöttir frá Rauðabergi í Fljótshverfi hiúsfregja á hoftstöðum í 50 ár til 1946 var skörungur mikill. Hún var systir Erasmusar og Gísla silvursmiðs sem voru þekktir menn á sinni tíð. Ragnhildur var gift Jóni eldra Jónssyni frá hoftstöðum formanni á Eyrarbakka og síðar bónda og formanni á hoftstöðum þau áttu sex börn. Ragnhildur var mikil hiúsmóðir margfróð. Grasalaknir og þótti sérlega laginvið að gráða beinbrot. Bátt um þau af sérlegri lagni Fyrir kom að hún tók fótbrotna menn inn á heimilið á meðan þúr þurftu að liggja rúmfastir enda ekki í mörg hiúsað venda. Ragnhildur lét beinbrotið fólk drekka flóaða (soðna) mjólk Faldi að það flitti fyrir að beinið greri.
Tindi grös og sauð til lakninga.
Þau hjón tóku nokkur börn sem voru á hrakningum og ólu þau upp. Einverju sinni var nágranni ~~var nágranni~~ að telja úr við Ragnhildi þegar hún hafði tekið að sér erviðan dreng.

þá svaraði hún. „Eg skal gera mann úr honum". þetta tókst vel. Maður inn varð vel látin iðnaðarmaður. þetta hef ég eftir móðir minni Unni Jónsdóttur sem var í bár kennari í Gaulverjaba en til heimilis á Fljótshólum og þekkti vel til. Á loftstaðaheimilinu var mikill gestagangur. Þjóðleiðin manna sem komu austan frá bæjunum upp með þjórsá lá neðan við túnið á hoftstöðum
Eftir að bilar fóru að ganga komust þeir með sjónum að Loftstöðum og að Gaulverjaba. Mjólkurbill komstárum saman ekki lengra en að hoftstöðum þar hefur margur skrojpið í kaffi.
Og svo var það útgerðin. Mikil monnaferð í kringum sjóðdrana

Hauslega. Nov 2004 Hörður Bejurgrímsson eftir minni

Jón og boli

Þeir nágrannar í bæjarhverfi og hoftstöðum áttu saman þarfanaut eins og tiðkaðist fyrá dögum. Einu sinni var Jón að sækja bola upp að Gaulverjabæ. Boli var stór, spakur og vanur svona transporti. Jón hafði vanið hann við að sitja á honum milli bæja og undu báðir því vel. Þegar hann kom á móts við Egstri-Hellur hitti hann þá bræður Steindór bónda á Hauga og Jón bónda á Egstri-Loftstöðum Gíslasyni þekktir hestamenn. Þeir voru riðandi. Jón sló á glens við þá og bauð þeim að reyna gæðingana og taka smá sprett. Þeir bræður voru til í það. Hleyptu þeir félagar nú allir gæðingunum, Jón sló í bola En það skildi fljótlega með þeim.
Þeir bræður sáu þá Jón og bola hverfa niðurfyrir Slattaból

Fásögn Sigurðar Pálssonar Baugsstöðum

Jón-Danni á Loftstöðum var lengi organisti í Gaulverjabæjarkirkju.
Stundum rakst þá á að var messa og gott sjöveður. Sagt er að einusinni á messu degi hafi Jón róið snemma og mokfiskað kom að landi um hádegi, lét hásetana um fiskim en dreif sig í messu, snaraðist heim og réri aftur. Sennilega hefur ekki verið langt að fara, göngupörskur verið við stöndina.

Þessi saga hefur lengi verið þekkt.

Magnús Teitsson á Stokkeyri var einhverju sinni við slátt í Gaulverjaba. Trestsmaddaman hafði auga með sinu fólk. Hún spurði Magnús hversvegn hann hafði vikið ser frá slettinum þá um daginn.

Magnús svaraði með vísu

Gekk ég út í kúka krók
Karla er það siður
að aftan datt en lak úr lók
Ég lýsi því fyrir yður.

Frásögn Ólafs Gunnarssonar bónda og smiðs á Baugsstöðum austurba (f. 1896.)

Á Stokksegri var mikil verslun á timabili, seinnihluta 19 aldar og fram á þá 20. Komu þá farskip á vorin og mikil vinna þar við uppskipun á bátum. Stöpur manna vann í landi við að koma vorunum í hús. Einhvenu sinni kvörtuð þeir sem á bátunum voru við landmenn undan þvíð að þeir hefðu ekki við.
Því svaraði Magnus Teitsson

Einum er farra í okkar hóp
ekki er lengi að muna
Gamaliel hokin hljöp
að hringla á kerlinguna.

Gamaliel Jónsson í Tjarnarkoti á Stokk. var hringjari. Hann var hármaður og gerðist lotin með aldrinum eins og fram kemur í visunni

Á heimili Lenarðs Söðlasmiðs á Stokksegri dvaldi kona að ~~nafni~~ sem Gróa hét. Ekki veit ig hvort hún var þeim hjónum skyld eða vandalús. Gróa komst undir læknishendur. Læknirin fyrirskipaði að hún þyrfti að taka lýsi sér til heilsubótar.
Þau hjón Lenarður og Jóhanna kona hans töldu þetta eftir kerlingu. Kvörtuðu undan auka útgjöldum.
Þar kom að Gróa lést. Þá orti Magnús Teitsson

Heims úr nauða hýsinu
hirti Drottinn Gróu
hétti þá á lýsinu
hja Lenarði og Jóu.

Þessi visa var viða feig í minu ungdæmi
Menn fóru með hana við dagles stórf

15/2 005 Stórður Sigurgrímsson

Páll. þetta er sennilega Gjótavísan hans Skúla Al.
þegar Sandvikur þorvarður
þekktur af margri sind
i Skaftholtsréttum skynsamur
skók sina beina grin
sandvikurhreppsins siklingur
Sýslumannseftir mynd
rasvisin mektar rembingur
réðist á vankaða kind

Með annara fé hann bei sitt batti
bellinum á sér drigði hann hór
saklausar skepnur sundur sleit
svoddan dami eg engin veit

þorvarður var umboðsmaður Sýslumanns
i réttunum og lenti i deilum um ómerkinga
Jón Sigurgrímsson berði þetta i fjallferðaf
Gísla Pálssyni Hoftúni og Sigurði Gísasyni
á Jaðri 1936 eða 37. Veit ekki hvort vantar
eitthva i þetta. Hörður

Ástarsöngur.

Vilda ekki blóðmörs bita
Vilda ekki súpu spón
Vilda ekki hjá mér sitja
Minn elskulegi Jón
Vilda ekki við mig tala
Vilda ekki hugga mig
Vilda ekki vörum svala
Vilda ekki kossa mig

Skrifað eftir Sveinbirni Guðmundssyni
og Jóni Sigurgrímssyni. Desember
2004.
H.